

# *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

## *Minnisblað*

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**  
Dagsetning: **22.05.2017**  
Málsnúmer: **FJR17010114**  
Bréfalykill: **3.3**

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga um lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, með síðari breytingum.

Ráðuneytið vísar til frumvarps til laga um brottfall Lífeyrissjóðs bænda nr. 12/1999, með síðari breytingum, sem lagt var fram á 146. löggjafarþingi (67. mál, þskj. 124). Í umsögnum stjórnar lífeyrissjóðsins hefur komið fram að með niðurfellingu laganna sé verið að skerða réttindi tiltekins hóps sjóðfélaga til greiðslna úr sjóðnum. Í því sambandi hefur helst verið vísað til 6. gr. laga um sjóðinn sem kveður á um lífeyri til handa þeim sjóðfélögum sem voru makar bænda á árunum 1971-1983.

Í málatilbúnaði ráðuneytisins hefur komið fram að í 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda sé kveðið á um réttindi sem ekki verða tekin af sjóðfélögum þrátt fyrir að löginn falli úr gildi. Í því sambandi hefur m.a. verið vakin athygli á að í nágildandi samþykktum sjóðsins (grein 13.6) sé að finna samsvarandi ákvæði og kveðið er á um í 6. gr. laganna og þar sem umrædd makaréttindi eru tryggð. Þá hefur ráðuneytið jafnframt bent á að samsvarandi ákvæði séu til staðar í samþykktum annarra lífeyrissjóða án þess að þau hvíli á lagaskyldu, t.a.m. er kveðið á um sambærileg sérákvæði um ótímabundinn eða ævilangan makalífeyri í samþykktum Stapa lífeyrissjóðs (viðauki C, 89. gr.) og samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (14.5. gr.). Einnig var talið viðhlítandi að fella 4. mgr. 17. gr. brott úr lögum um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá og með 1. júní nk., en ákvæðið hefur að geyma samsvarandi ákvæði um réttindi til handa mökum sjóðfélaga sem verða áfram tryggð í samþykktum sjóðsins þrátt fyrir brottfall laganna.

Ákvæði 6. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda veitir réttindi umfram þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Lög 129/1997 kveða á um þau lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðum ber að veita sjóðfélögum og er lífeyrissjóðum ekki heimilt að kveða á um lakari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en löginn kveða á um. Löginn girða hins vegar ekki fyrir að í samþykktum lífeyrissjóða sé sjóðfélögum veittur betri réttur en löginn kveða á um. Ekki er unnt að fallast á að lagabod sé nauðsynlegt til að tryggja þau áunnu réttindi sem um ræðir í málinu í ljósi þess að heimilt er að kveða á um ríkari rétt í samþykktum lífeyrissjóða en lög nr. 129/1997 kveða á um.

Að lokum er rétt að geta þess að skv. 28. gr. laga nr. 129/1997, skal stjórn lífeyrissjóðs tilkynna fjármála- og efnahagsráðherra um allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs og öðlast breytingarnar ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Til að taka af allan vafa staðfestist að ráðuneytið telur ekki heimilt að íslenskum lögum að fallast á neinar þær breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs bænda sem fela í sér afnám þeirra réttinda sem hér um ræðir og þar með skerðingu á réttindum eins hóps rétthafa umfram aðra. Sá hópur sem fellur undir réttindi 6. gr. laga um lífeyrissjóðinn mun því standa jafnréttá eftir brottfall laganna og nú enda eru réttindin áfram tryggð í samþykktum sjóðsins og ekki eru forsendur til að fallast á meiri skerðingu á réttindum þessa hóps en annarra sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda.

